

um aðra flutningsdaga, og ekki virðist heldur næg ástæða til þess að telja gerðarpóla hafa borið fram mótmæli á þessu atriði byggð of seint fram. Þannig verður að hafna aðalkröfu gerðarbeiðanda.

Það er augljóst, að gerðarbeiðanda var í lófa lagið að segja gerðarpóla upp til vara með löglegum fyrirvara, miðað við 14. maí nk. Þetta hefur gerðarbeiðandi þó ekki gert, og verður ekki fallizt á þá skoðun hans, að gerðarpóli hafi haft ástæðu til að taka bréf hans á rskj. 3 á þann veg, að í því fælist uppsögn frá og með 14. maí. Varakrafa gerðarbeiðanda kemur og ekki fram fyrr en í greinargerð hans, dags. 30. marz sl. Að þessu athuguðu og með tilliti til þess, að uppsögn sú, sem fyrir liggur, telst ógild gagnvart gerðarpóla, verður að hafna varakröfu gerðarbeiðanda.

Þannig verður synjað um framgang hinnar umbeðnu útburðargerðar. Þykir rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarpóla kr. 500,00 í málskostnað.

#### Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal ekki fram fara.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarpóla kr. 500,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 2. júní 1954.

Nr. 53/1953. **Póst- og símamálastjórnin**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**Bókaforlaginu Hlaðbúð** (Ragnar Jónsson).

**Dómendur:** hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Líndal hæstaréttarlögmaður.

Burðargjald af riti.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1953. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ósannað er, að nokkrir áskrifendur hafi verið að því riti stefnda, er í málinu getur, er hann kom með það til póstflutnings, og er því ekki fullnægt skilyrðinu samkvæmt upphafsákvæði h-liðar 1. gr. póstlaganna. Að svo vöxnu máli var áfrýjanda óskilt að annast póstflutning á nefndu riti með þeim kjörum, er stefndi krefst. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

### Dómsorð:

Áfrýjandi, póst- og símamálastjórnin, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Bókaforglagnsins Hlaðbúðar, í máli þessu.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. janúar 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Ragnar Jónsson hrl. f. h. Hlaðbúðar, Laugavegi 8 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 29. janúar 1952, gegn Guðmundi Hlíðdal f. h. póst- og símamálastjórnarinnar.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt skylt að innrita ritið Bókafregn Hlaðbúðar sem tímarit samkvæmt ákvæðum h-liðar 1. gr. póstlaganna, nr. 31 frá 1940. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða oftakið burðargjald, að fjárhæð kr. 2.765,90, með 6% ársvöxtum frá 14. janúar 1952 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefnandi skýrir svo frá atvikum, að á undanförunum árum hafi bókaútgáfufyrirtækið Hlaðbúð gefið út rit, sem nefnt hafi verið Bókafregn Hlaðbúðar. Í upphafi hafi verið gefin út 8 tölublöð, en útgáfutími verið óreglulegur. Um vorið 1951 hafi verið ákveðið að koma útgáfu rits þessa í fast form og gefa það út einu sinni á ári. Skyldi ritið kosta eina krónu. Hinn 29. maí 1951 ritaði stefnandi stefnda bréf og fór þess þar á leit, að rit þetta yrði tekið til póstflutnings sem tímarit samkvæmt ákvæðum h-liðar 1. gr. póstlaganna og að burðargjald yrði reiknað samkvæmt þeim taxta, sem gilti um blöð og tímarit.

Bréfi þessu fylgdi eintak af ritinu. Bréfi þessu var ekki svarað af stefnda. Þessa umsókn sína ítrekaði stefnandi enn með bréfi, en skriflegt svar barst ekki. Stefnandi kveðst þá hafa átt símtöl um þessi mál við einn starfsmann stefnda, er hafi talið, að umsókn þessari mundi verða synjað. Í októbermánuði 1951 virðist stefnandi hafa sent rit þetta út og greiddi þá burðargjald, reiknað samkvæmt taxa þeim, sem gildi um venjulegt prentað mál. Hinn 22. nóvember ritaði stefnandi enn bréf til stefnda. Óskaði hann þá enn svars við umsókn sinni og spurðist fyrir um, hvort stefndi vildi endurgreiða það fé, er hann taldi sig hafa ofgreitt í burðargjald. Skriflegt svar stefnda barst loks hinn 28. des. s. á. Var umsókn stefnanda þar synjað.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að rit það, sem hann kallar Bókafregn Hlaðbúðar, sé tímarit samkvæmt ákvæðum h-liðar 1. gr. póstlaganna. Hefur hann í því sambandi bent á, að ritið eigi að koma út einu sinni á ári, en það hafi ekki komið út á árinu 1952 vegna deilu þessarar um burðargjald, sem um ræðir í máli þessu. Ætlanin sé, að það komi út framvegis, ef það fáist viðurkennt sem tímarit. Með vísan til þessa telur stefnandi, að reikna beri burðargjald fyrir póstflutning rits þessa samkvæmt þeim reglum, sem gildi um burðargjöld fyrir blöð og tímarit. Stefnandi kveðst hafa orðið að greiða póstburðargjöld fyrir þau eintök ritsins, sem hann sendi á árinu 1951, eftir þeim reglum, sem gildi um almennt prentað mál. Hann hafi þannig orðið að greiða samtals kr. 3.104,90. Hefði burðargjaldið hins vegar verið reiknað samkvæmt reglum þeim, sem gilda um innrituð tímarit, bæri honum að greiða kr. 339,00. Hann hafi þannig ofgreitt kr. 2.765,90, sem stefnda beri að endurgreiða. Stefnandi hefur bent á, að á árinu 1951 hafi sams konar rit frá keppinaut hans verið tekið til flutnings af stefnda og greitt fyrir það burðargjald sem fyrir venjulegt tímarit.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að rit það, er hér um ræðir, sé hvorki blað né tímarit í merkingu póstlaganna. Rit þetta sé aðeins einhliða auglýsing fyrirtækis á vöru þeirri, sem það hafi á höfðstólum. Ritið hafi verið sent mönnum án pöntunar og ekki æflazt til greiðslu fyrir það. Um áskrifendur hafi ekki verið að ræða. Þegar af þessari ástæðu komi ekki til mála að reikna burðargjaldið fyrir rit þetta eftir þeim reglum, sem gilda um blöð og tímarit. Fyrir mistök hafi að vísu eitt slíkt rit verið tekið sem tímarit og burðargjöld reiknuð samkvæmt því. Þar hafi verið um hrein mistök að ræða, sem ekki geti skapað stefnanda neinn rétt í þessu sambandi. Þá hefur stefndi bent á, að rit stefnanda verði að teljast verzlunarprent, en í alþjóðapóstsamningnum, sem Ísland er aðili að, sé einmitt tekið fram, að ekki skuli veita afslátt frá venjulegu burðargjaldi, þegar um slík rit sé að ræða, hversu reglulega sem þau komi út.

Í 3. tl. 36. gr. alþjóðapóstsamningsins frá 1947, sem fullgiltur var af Íslands hálfu samkvæmt auglýsingu nr. 65 frá 1948, er svo

ákveðið, að pósthjórnum einstakra landa sé heimilt að gefa afslátt frá venjulegu burðargjaldi, ef um sé að ræða blöð og tímarit; þó er verzlunarprent þar undanskilið. Ákvæði samnings þessa gilda um viðskipti við önnur lönd, en ekki verður séð, að Ísland hafi notfært sér heimild þessa. Fram er komið, að stefnandi sendi 200 eintök af riti sínu til útlanda og galt fyrir það kr. 122,40 í burðargjöld. Því er ómótmælt, að gjald þetta sé rétt reiknað samkvæmt reglum þeim, sem gilda um burðargjöld fyrir venjulegt prentað mál, og verður því ekki séð, að stefnandi geti krafizt lækkunar á því gjaldi.

Í 1. gr. póstaganna, nr. 31 frá 1940, ræðir um, hvað pósthjórnin taki að sér til flutnings. Í h-lið 1. gr. segir, að hún taki til flutnings blöð og tímarit, sem menn skrifa sig fyrir. Til blaða og tímarita skuli teljast sérhvert það rit, sem prentað er eða margfaldað, þegar það eigi að koma út einu sinni eða oftár á ári í heftum, sem hafa sameiginlegan titil og ekki vega yfir 500 gr hvert fyrir sig. Þá segir í 1. gr., að pósthjórnin setji með reglugerð nánari skilyrði fyrir því, að sendingar séu teknar til flutnings. Í 13. gr. laganna er ákveðið, að ráðherra sá, sem fer með póstmál, ákveði með gjaldskrá burðargjöld fyrir pósthendingar. Í 23. gr. reglugerðar nr. 13 frá 1925 eru nánari reglur um flutning blaða og tímarita, og er þar meðal annars gert ráð fyrir, að blöð og tímarit, sem tekin eru til pósthflutnings, séu sérstaklega skrásett af pósthjórninni gegn gjaldi. Á þeim tíma, sem rit þetta var sent út, gildi gjaldskrá nr. 43 frá 1950. Í gjaldskrá þessari segir, að burðargjald fyrir blöð og tímarit innan lands sé kr. 1,00 fyrir 500 gr. Þá segir, að allt skuli vegið í einu, sem látið er í póstin í einu. Innritunargjald er ákveðið kr. 20,00, er greiðist í fyrsta sinn, sem blað er innritað, og síðan í byrjun hvers árs. Þegar meta skal, hvað skuli teljast blöð og tímarit samkvæmt gjaldskrá þessari, þá þykir ekki verða við annað miðað en ákvæði h-liðar 1. gr. póstaganna, og þegar þessi ákvæði eru virt, er ljóst, að þar er átt við sérhvert tímarit, sem menn eru áskrifendur að og fullnægir að öðru leyti skilyrðum greinarinnar, en hins vegar verður ekki séð, að efni þess skipti nokkru máli.

Í fyrrgreindu riti er tekið fram, að það kosti kr. 1,00, og ekki verður annað séð en ætlazt sé til, að menn gerist áskrifendur að því, enda hefur það ekki verið vefengt. Með hliðsjón af þessu og þar sem rit þetta uppfyllir að öðru leyti þau önnur skilyrði, sem um ræðir í lagaákvæði þessu, þá verður að telja rit þetta tímarit í merkingu h-liðar 1. gr. póstaganna. Samkvæmt þessu bar pósthjórninni að taka rit stefnanda til flutnings gegn burðargjaldi, sem reiknað var eftir reglum þeim, sem giltu um blöð og tímarit á gjaldskrá fyrir pósthburðargjöld, nr. 43 frá 1950. Á stefnandi því rétt á að fá endurgreitt það fé, sem hann hefur ofgreitt af þessum sökum.

Því er ómótmælt, að stefnandi hafi falið stefnda flutning 5435 eintaka rits þessa innan lands og að hvert eintak hafi verið 10,5 gr að þyngd. Heildarþungi alls hins senda virðist því hafa verið 57067,5

gr. Samkvæmt reglum þeim, sem giltu um póstburðargjöld fyrir blöð og tímarit, bar stefnanda að greiða alls kr. 115,00 fyrir póstflutning þennan. Þá bar honum að greiða kr. 20,00 í innritunargjald. Samkvæmt þessu bar stefnanda að greiða alls kr. 135,00 fyrir póstflutning ritsins innan lands og kr. 122,40 fyrir póstflutning þess til annarra landa. Viðurkennt er, að stefnandi hafi hins vegar greitt alls kr. 3.104,90 fyrir flutning þennan. Með vísan til þessa og þar sem stefnandi hefur aðeins krafizt endurgreiðslu á kr. 2.765,90, verður sú krafa hans tekin til greina að öllu leyti og stefnda gert að endurgreiða það fé með vöxtum, svo sem krafizt er.

Að því er varðar þá kröfu stefnanda, að stefndi verði skyldaður til að innrita rit þetta sem tímarit samkvæmt ákvæðum h-liðar 1. gr. póstlaganna, þá er krafan þess eðlis, að hún verður ekki tekin til greina. Auk þess er ekki rætt um neina slíka innritun í greindu lagaákvæði. Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 550,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð :

Stefndi, Guðmundur Hlíðdal f. h. póst- og símamálastjórnarinnar, greiði stefnanda, Ragnari Jónssyni f. h. Hlaðbúðar, kr. 2.765,90 með 6% ársvöxtum frá 14. janúar 1952 til greiðsludags og kr. 550,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. júní 1954.

Nr. 134/1953. **Anna Guðmundsdóttir** (Magnús Thorlacius)  
gegn

**Óskari Níelssyni** (Gunnar Þorsteinsson).

**Dómendur:** hæstaréttardómararnir **Árni Tryggvason,**  
**Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður**  
**Eyjólfsson og Einar Arnalds borgardómari.**

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

#### Dómur Hæstaréttar.

Stefndi hér fyrir dómi, sem var stefnandi málsins í héraði, gerði kröfu um það, að áfrýjanda yrði dæmt að viðlögðum dagsektum að gera kaupsamning við hann um tiltekna fasteign, án þess að beina málinu gegn aðilja, sem fengið hafði